

*Til: Bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Rósu Guðbjartsdóttur
og
sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs, Rannveigar Einarsdóttur.*

Erindi: Framtíð Hljómu í Hafnarfirði

Hljóma hóf starfsemi sína á Austurgötunni árið 2014.

Þar hef ég undirrituð allt frá stofnun sinni músíkmeðferð fyrir börn og ungmenni með ýmsar áskoranir.

Ég er menntaður músíkmeðferðarfræðingur og hef áralanga reynslu í músíkmeðferð og sértækri tónlistarkennslu. Ég nam og starfaði í Þýskalandi og hér heima á Íslandi frá árinu 2011. *(sjá nánar meðfylgjandi ferilskrá)*

Áskoranir skjólstæðinga Hljómu eru af ýmsum toga; meðfædd eða áunnin fötlun af líkamlegum eða andlegum toga, geðrænn vandi, áföll, félagslegar aðstæður og tilfinningalegur vandi, svo eitthvað sé nefnt.

Í Hljómu fer fram nýsköpun í þróun meðferðar fyrir þennan einstaka og fjölbreytta skjólstæðingahóp.

Hljóðfærakostur og aðstaða er í stöðugri uppbyggingu og endurnýjun eftir þörfum hverju sinni. Auk hefðbundinna hljóðfæra er að finna í Hljómu fjölbreytt safn hljóðfæra sem ég hef á starfsferli mínum erlendis og hérlendis flutt hingað heim sem og sérsníðað sjálf og látið sérsníða fyrir Hljómu. Þetta eru m.a. hljóðfæri sérsníðin að þörfum ólíkra skjólstæðinga með mismunandi áskoranir.

Þessi hljóðfæri þarfnast stöðugar endurnýjunar og viðhalds. Auk þess sem æ fjölbreyttari skjólstæðingahópur Hljómu kallar á aukinn hljóðfærakost sniðinn að ólíkum þörfum þeirra. Aðstaðan í Hljómu er eins og best verður á kosin. Aðgengi og aðbúnaður er til fyrirmyndar og hefur Hljóma starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu.

Nú hefur Hljóma verið rekin af hugsjón allt frá stofnun.

En þar sem Hljómu berst ekki fjárhagslegur stuðningur af neinu tagi frá Hafnarfjarðarbæ, er rekstrarstaðan orðin graf alvarleg. Hljóma hefur nú, þrátt fyrir mikinn baráttuvilja, útsjónarsemi í rekstri sem og persónuleg fjárútlát, verið rekin með töluverðu tapi síðustu árin. Og ljóst er að ekki verður lengur hægt að halda úti starfsemi Hljómu án afgerandi úrlausna á innkomu í reksturinn.

Ég sé mér því ekki fært að halda rekstri Hljómu gangandi með áframhaldandi hætti.

Það er hinsvegar dagljóst að þörf er á þjónustu Hljómu, enda mikil ánægja og ávinningur sýndur, og biðlisti eftir plássum þar.

Með hag skjólstæðinga Hljómu í huga, núverandi og þeirra á biðlista, þar ég þá fyrirspurn undir stjórnendur Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, hvort skólinn gæti tekið við þessum skjólstæðingum.

(Svar stjórnenda meðfylgjandi)

Með erindi mínu fyrir hönd Hljómu til fræðslustjóra Hafnarfjarðar vorið 2019 gerði ég tilraun til að leita úrlausna fyrir reksturinn. Því erindi var vísað frá í ljósi þess að Hljóma er fyrst og fremst músíkmeðferðarstofa en ekki tónlistarskóli í eiginlegum skilningi.

Erindi þetta til þín er ákall til Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagslegt úrræði til lengri tíma, í þágu skjólstæðingahóps Hljómu.

Því Hljóma er einstakur staður í hjarta Hafnarfjarðar. Sem sinnir ómissandi starfi fyrir dýrmætan og viðkvæman hóp barna og ungmenna.

Og væri mikill missir fyrir bæinn ef hennar nyti ekki lengur við.

Með þökk og von um farsælan farveg.

Inga Björk Ingadóttir
Eigandi Hljómu